

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1863.
yfir Íslandi, um uppboð á hörðum fiski, sem áskil- 3. marzm.
inn er í landskuld af jörðum á Vestmannaeyjum.

Í bræfi 6. ágúst. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið boðið sýslumanninum á Vestmannaeyjum, samkvæmt uppástungu hans, að hætta framvegis að halda uppboð, svo sem að undanfögnu hefir tíðkæzt, á þeim hörðum fiski, sem leiguliðarnir á konungsjörðum þar á eyjunum eiga að gjalda, en sem þeir í raun og veru gjalda í öðrum vörutegundum, þaræð harður fiskur er þar eigi til, og að láta í stað þess leiguliðana, ef þeir ekki geta borgað landskuld sína í peningum eptir verðlagsskrá, greiða gjald þetta til sýslumanns í gjaldgengum verzlunarvörum, er metnar sè eptir verði á hörðum fiski í verðlagsskrá, og skuli hann síðan sæta lagi annaðhvort að selja vörurnar verzlunarmönnum eður að selja þær við opinbert uppboð upp á samþykki amtmanns; svo hafið þér og lagt það til, að í þetta skipti megi við svo búið standa við sölu þá, er fram fór við uppboðsþing 6. júní f. á., þá er Bryde kaupmaður hlaut hamarshögg upp á hinn svo nefnda afgjaldsfisk, fyrir 19 rdl. 48 sk. skippundið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem þér hafið skýrt frá atvikum málsins, fellst á ofangreindar uppástungur yðar í öllum greinum.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 10. marzm.
yfir Íslandi, um borgun til alþingisforseta fyrir
störf eptir þinglok og um ávísun alþingiskostnaðar.

Í bræfi 23. júlím. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt gjör frá um borgun þá, er alþingisforsetinn árin 1859 og 1861 hafði reiknað sèr fyrir störf þau, er hann hafði haft á hendi fyrir þingið eptir þinglok; hafið þér látið það álit í ljósi um málefni þetta í heild sinni, að ef það ekki verði álitin skylda